

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

2. fundur stjórnar starfstímabilið 2013-2015

Haldinn 2. september 2013 á skrifstofu íþróttafulltrúa Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Mættir: Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Magnús Gunnarsson (Haukar), Stefán Kristófersson (Fjörður), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Ragnar Hilmarsson (Pytur), Kristín Pétursdóttir (SH), Ingibjörg Gunnarsdóttir (HFH), Ólafur Tryggvi Gíslason (HFH), Sigurjón Andersen (KK), Ingvar Kristinsson (Björk), Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH), Viðar Halldórsson (FH) og Anders Már Þráinsson (SÍH). Forföll: Hafsteinn Eyland Brynjarsson (AÍH), Arnar Geirsson (Bjartur), Anton Ingi Sigurðsson (ÍH), Þórarinn Sófusson (GSE), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir) og Halldóra Einarsdóttir (Sörli).

1. Fundaáætlun ÍBH september til desember 2013

Kynnt fundarmönnum og stefnt að því að halda fundaáætlun. Fundartími fyrir vinnufund um stefnumótun ÍBH verður birtur síðar.

2. Breytingar á stjórn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands

Farið yfir fréttatilkynningu frá ÍSÍ dagsettri 12. júlí 2013 sem var eftirfarandi:

„Við fráfall Ólafs E Rafnssonar forseta ÍSÍ 19. júní sl. tók Lárus L. Blöndal varaforseti ÍSÍ við embætti forseta ÍSÍ, eins og lög ÍSÍ kveða á um. Á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ 11. júlí sl. var síðan endurskipað í embætti stjórnar sambandsins. Helga Steinunn Guðmundsdóttir var skipuð í embætti varaforseta og Sigríður Jónsdóttir í embætti ritara. Gunnar Bragason verður eftir sem áður gjaldkeri ÍSÍ“. Stofnaður hefur verið minningarsjóður um Ólaf E. Rafnsson nánari upplýsingar um hann eru á heimasíðu ÍSÍ undir vefslóðinni <http://www.isi.is/um-isi/minningasjodur/>.

3. Yfirlit lottógreiðslna til aðildarfélaga fyrir tímabilið febrúar til júlí 2013

Farið yfir yfirlit útborgunar hvers mánaðar og samþykkt af fundarmönnum.

4. Iðkendatölur aðildarfélaga fyrir árið 2012 og útreikningur lottógreiðslna

Nýjar iðkendatölur úr Felix félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ fyrir árið 2012 kynntar fundarmönnum, mikil hækkun er hjá t.d. FH frá síðasta ári eða um 1619 iðkanir. Fundarmönnum fannst fullástæða til að skoða allar iðkendatölur sem verið er að nota í íþróttahreyfingunni í Hafnarfirði. Skipaður var vinnuhópur í verkefnið og hann skipa Ingvar Kristinsson Björk, Ragnar Hilmarsson Pyt, Viðar Halldórsson FH og Magnús Gunnarsson Haukar. Hjá íþróttafélaginu Bjarti hafði gleymst að setja iðkendatölur inn fyrir árið 2012 við skil á starfsskýrslu rafrænt og eru hér líklega byrjendamistök sem verða leiðrétt.

5. Þátttaka aðildarfélaga ÍBH á Unglingalandsmóti UMFÍ á Höfn í Hornafirði 2. – 4. ágúst 2013

77 keppendur á aldrinum 11 – 18 ára frá hafnfirskum félögum voru skráðir og tóku þátt í mótinu og skemmtidagskránni ásamt fjölskyldum sínum. Margir keppendur kepptu í tveim til þremur greinum. 53 kepptu í knattspyrnu, 45 í frjálsum íþróttum, 25 í körfuknattleik, 7 í glímu, 5 í starfsíþróttum (upplestur og stafsetningu), 4 í skák, 2 í sundi og 1 í hestaíþróttum.

6. Stjórnarskírteini ÍBH tímabilið 2013 – 2015

Stjórnarmönnum afhent stjórnarskírteini fyrir árin 2013 – 2015 sem veitir þeim frían aðgang að íþróttaviðburðum í Hafnarfirði á stjórnartímabilinu. Stjórnarmenn hvattir til að nota skírteinin og vera sýnilegir.

7. Gögn sem ÍBH hefur borist:

- Samþykktir 71. Íþróttapings.
- Samningur ÍSÍ og Flugfélags Íslands.
- Heilsu- og hvatningarverkefni ÍSÍ.

8. Önnur mál

- a). HM greindi frá samræðum Íþróttabandalaga um að senda inn sameiginlega umsókn að UMFÍ.
- b). VH ræddi um iðkendatölur í sambandi við umsóknir um tíma í íþróttamannvirkjum og er þeirrar skoðunar að skoða þurfi allar tölur og að umsækjendur verði að áætla raunhæft í umsóknum sínum. Ennfremur þakkaði hann MG Haukum fyrir velvilja í garð FH í sambandi við viðbótartíma í íþróttamannvirkjum Hafnarfjarðar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 19.10

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir